

Fundargerð 39. fundar skráningarráðs Gegnis mánudaginn 9. júní 2008
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 10.00 – 12.00

Fundarmenn: Hulda Ásgrímsdóttir (fundarritari), Ragna Steinarsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður). Jóhanna Diðriksdóttir var fjarverandi.
Auk þeirra sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri hjá Landskerfi bókasafna og Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna.

1. Fundargerð 38. fundar. Fundargerðin yfirfarin með tilliti til hverjar hefðu orðið niðurstöður mála.

3. Skráning á nótum. Breyting var gerð á skjalinu sem lá fyrir. Hildur og Jóhanna luku við skjalið og höfðu samráð við Önnu Jensdóttur. Skjalið var sett upp í samræmi við önnur leiðbeinandi skjöl sem hafa verið unnin.

4. Minnisblað til stjórnar. Fundurinn sem þar um getur var haldinn 14. maí.

6. Skráning tónlistar. Hildur, Ragna og Þóra skoðuðu nokkur dæmi um skráningu safndiska. Nauðsynlegt að skoða þetta mál betur.

Fundargerðin samþykkt og skjalið um nótaskráningu verður sett á vef Landskerfis.

2. 18. útgáfa Gegnis.

Vel gengur að setja upp 18. útgáfu Gegnis og ef fer sem horfir verður kerfið opnað að nýju miðvikudaginn 11. júní e.h. Fyrir hádegi eiga að fara fram álagsprófanir. Gera má ráð fyrir hægagangi og þá er hægt að vinna við vélbúnaðinn í sumar til að kippa því í lag í stað þess að draga það fram á haustið.

3. Rafræn tímarit – eintök.

Erindi barst frá Þóru Gylfadóttur, bókasafni Háskólans í Reykjavík, 9. maí. Hún telur fara betur á því að standi: Rafrænt efni í stað Í hillu. Þessu þarf að breyta til samræmis við þarfir. Óæskilegt að búa til eintök. Sigrún ætlar að fá Þóru til að skoða þetta með sér.

4. Höfuð í færslum [ritum] frá Veðurstofunni.

Erindi barst frá Guðrúnu Pálsdóttur, bókasafni Veðurstofunnar, 2. júní. Nokkur dæmi um að ritröð stofnunarinnar sé skráð á fyrsta höfund (1. heftis) sem er ekki höfundur, t.d. 3. heftis. Þetta var gert til að halda ritunum saman. Nú hefur þessu verið breytt þannig að hvert rit er skráð á sinn höfund.

5. Ófullgerðar færslur.

Bent á ófullgerða, gamla færslu: Dönsk kilja (frá Húsavík) sem enn er tengt við. Minnt er á samþykkt frá skráningarráði 28.01.08, Safnfærslur fyrir efni á framandi tungumálum, sem birt er á síðu Landskerfis. Ennfremur er brýnt að skrásetjarar og þeir sem tengja noti eingöngu stafasett í Gegni.

6. Verkefni framundan.

Af nógu er að taka. Nefna má: Keyrslur – Óvirkir tenglar – Nafnmyndaskrá = stofnanir, landfræðiheiti.

Eyða þarf færslum sem standa án eintaka í kerfinu.

Nú eftir opnun kerfisins þarf að taka 007 (ta) sviðið í gegn. Fara yfir hvar kerfið gefur röng villuboð í skráningu, yfirfara leiðbeiningar við marksniðið og skoða birtingu.

7. Önnur mál.

a) Rætt var um skráningu hljómdiska, heildarverka. Nú eru verkin ýmist í einni eða fimm færslum (eða eftir fjölda diskanna). Hefðir, venjur og notagildi stangast á. Tónlistarhópur þyrfti að koma saman eða e-r annar áhugahópur um tónlist, þeir sem mest vinna við að skrá tónlist í dag. Setja skal slíkan hóp á laggirnar í haust.

b) Flestir höfðu gluggað í IFLA statement (Statement of international Cataloguing principles) (ekki endanleg útgáfa). Sammála um að þar birtist alveg ný orðanotkun. Markmið þessa plaggs er að víkka út skráningarreglurnar. Nauðsynlegt þykir að þýða hugtökin sem birtast aftast í plagginu sem fyrst.

Fundi slitið kl. 12.00.

Næsti fundur fyrirhugaður í september.